

3H Travel ehf.

Garðabær, 5. september 2025

202508-0034/Á.G.

10.03.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir jarðraski og mannvirkjagerð við Þríhnúkagíg í Bláfjallafólkvangi

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn 3H Travel ehf., dagsett 12.8.2025, um leyfi fyrir starfsemi innan Bláfjallafólkvangs.

Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 173/1985](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Mannvirkjagerð er háð samþykki Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

3H Travel ehf. óskar eftir leyfi til uppsetningar á búnaði til að auðvelda aðgengi að Þríhnúkagíg vorið 2026. Líkt og síðustu ár, yrði byggingarkranabóma lögð þvert yfir gígopið, án nokkurs rask á landi eða yfirborði. Neðan úr bómunni verður tveggja spila lyftupallur sem notaður verður til flutnings á fólki. Við uppsetninguna yrði notuð þyrta og hugsanlega jeppi á snjó. Óskað er eftir að leyfi fyrir starfseminni gildi frá 1. maí 2026 og út október 2026. Rafmagnskapall sem lagður var frá Bláfjöllum fyrir nokkrum árum mun fullnægja rafmagnspörf en varaafstöð verður í Þríhnúkum ef kemur til straumrofs. Þess er jafnframt farið á leit að aðstaða fyrirtækisins þ.e. gámar, þurrsalerni og kranabóma sem notast hefur verið við undanfarin ár fái að standa á svæðinu yfir veturinn 2025-2026. Fyrir liggur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Félagið óskar einnig eftir leyfi til að viðhalda stíg sem lagður var frá Bláfjöllum að Þríhnúkum vorið 2014. Ef þörf er á verður borið malað hraungrýti í hann vorið 2026 sem kemur úr nærliggjandi námu. Fjöldi starfsmanna verkefnisins yfir sumarið eru um 20 manns.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur framkvæmdina líklega til að breyta ásýnd svæðisins, en áhrifin eru staðbundin. Hefur starfsemin verið lengi á svæðinu og innviðir sem eru til staðar stýra umferð vel og draga úr neikvæðum áhrifum gesta á nærliggjandi gróður og jarðmyndanir sem eru viðkvæmar. Náttúruverndarstofnun ítrekar mikilvægi þess að halda sig innan marka vinnusvæðis og stíga, ganga vel um og fara eftir þeim skilyrðum sem sett eru. Svæðið er afar viðkvæmt og á erfitt með að jafna sig eftir átroðning.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir 3H Travel ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á tímabundinni aðstöðu við Þríhnúka í Bláfjallafólkvangi á tímabilinu 1. maí 2026 til og með 31. október 2026 og að gámar, þurrsalerni og kranabóma sem fyrir eru á svæðinu fái að standa þar veturinn 2025-2026 og viðhaldi á göngustíg sumarið 2026 sbr. Lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis, eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Í lok hvers árs skal skila skýrslu til Náttúruverndarstofnunar með yfirliti um störf fyrirtækisins innan svæðisins s.s. fjöldi ferðamanna, fjöldi ferða og annað er varðar starfsemina innan garðsins.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn fyrirtækisins og gestir þess gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Fyrirtækið skal vera með gilda öryggisáætlun.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.
- Losun salerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Efnisval í göngustíga skal vera í samráði við Náttúruverndarstofnun.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllst

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

René Biasone
svæðissérfræðingur